

GANGNASEDILL 2024



Fjallskil í Tungudeild haustið 2024

Heimili	Vetrar fóðrað Fjár- tala	Gangna- kostn. á kind 650	BLEIKSMÝRARDALUR				
			Vestur Sandar og Miðpartur		Austur Bleiksm.d	Skarðs- dalur	
			1.g	2.g	2. g	1.g	2.g
Reykir 2	17	11.050					
Steinkirkja	32	20.800					
Veturliðastaðir	37	24.050					
Brúnagerði	5	3.250					
Nes	18	11.700					
Hrisgerði	154	100.100	30.000	20.000		20.000	
Kambsstæðir	322	209.300	90.000	40.000			20.000
Birkihlíð	10	6.500					
Bárðardalur							
Samtals	595	386.750	120.000	60.000	0	20.000	20.000

Tilhögun fjallskila haustið 2024

Bleiksmýrardalur og Skarðsdalur:

Fyrstu göngur verða 6.-7. september

Réttað á Reykjum 8. september.

Aðar göngur verða 28.-29. september

Timburvalladalur:

Fyrstu göngur 7. september

Aðrar göngur verða 5. október

Hjaltadalur:

Kannaður 10. sept.

Heimalönd í Vaðlaheiði, Illugstöðum og Sellandi.

Smalað verður 7. september og aftur 5. október.

Reykjafjall verður smalað 14. september.

Heimalönd austan Fnjóskár suður að Belgsá:

Smalað verður 14. september.

Önnur smölun 5. október

Skuldir eru með gjalddaga 1. des. 2024 og óskast greiddar fyrir 15. des. 2024.

Reikningur 1110-26-113131 - kennitala 6211861169

AUSTURDALIR								
mburvalla- dalur 1.g	Hjaltadalur		Belgsárdalur		Bæjar- rekstur		Bíla- kostn.	Skuld
	1. g	2.g	1.g	2.g	1.g	2g		
								11.050
								20.800
					10.000			14.050
								3.250
								11.700
							10.000	20.100
							30.000	29.300
								6.500
40.000								
40.000	0	0	0	0	10.000	0	40.000	116.750

Gangnastjórar verða:

Á Bleiksmýrardal maður frá Kambsstöðum og bíll.

Timburvalladalur, Hermann R: Herbertsson

Hjaltadalur, Hermann R: Herbertsson

Gangnastjórar ákveða brottfarartíma.

Um úrtíning úr Bárðardal í fyrstu og öðrum göngum sér Hermann R. Herbertsson

Um úrtíning úr Eyjafirði í fyrstu og öðrum göngum sér Þuríður Davíðsdóttir

Eins og gangnaseðillinn ber með sér er dagsverkið metið á 10.000 kr., sem er:

Austurdalagöngur 2 dagsverk og Sandagöngur 3 dagsverk (2 dagsverk aðrar göngur).

Önnur gangnasvæði eru 1 dagsverk.

Með ósk um gott samstarf og góða ferð í göngurnar.

Hermann R. Herbertsson

Ketill Tryggvason

Ásgeir Sigurðsson

GREINARGERÐ UM

STARFSTILHÖGUN FJALLSKILA

Um smölun heimalanda og úrtíning til og frá réttum.

Hver ábúandi er skyldur að hafa aðstöðu til innrekstrar og sundurdráttar á því fé sem úr hans heimalandi kemur. Skal hann sjá um sundurdrátt á því fé sem á að ganga til réttar, svo úrtíningsmenn geti gengið að fénu án tafa. Bílfært sé að geymsluhólfi úrtínings. Það er ekki æskilegt að fé af nágrannabæjum sé flutt til réttar, slíkt veldur óþarfa þvælingi á fé og er mælst til þess að ábúendur og fjáreigendur sjái til þess að það þurfi ekki að verða nema í litlu mæli.

Fjallskiladeild sér um flutning á úrtíningi til fyrstu og annarar réttar og svo utansveitar fé úr þriðju heimalandasmölun.

Fjáreigandi sér um sitt fé, af þeirri rétt sem hann á sókn til.

Úrtíningsmenn sækja fé á Þverárrétt og Fótarrétt. Skulu þeir flytja féð til réttra eigenda, allt að einni kind. Er nóg að sleppa fé í girðingar við veginn til að spara akstur. Fjallskiladeild sér ekki um flutning á úrtíningsfé á milli gangna, né eftir að réttum er lokið, öðru en utansveitarfé, til eða frá.

Þar sem aðeins eru auglýstar á gangnaseðli tvennar smalanir á heimalöndum, er áhersla lögð á að allir sinni því af vandvirkni, jafnt ógirt land sem afgirt, ef fjár er von.

Fjallskilastjóri áskilur sér rétt til að boða fleiri smalanir ef tvennar leitir að hausti duga ekki.

Ef fé finnst í heimalöndum eftir að smölun er lokið og það megi rekja til þess að illa eða ekki hafi verið smalað, skal viðkomandi bóndi sjá til þess að það komist til réttra eigenda.